

Kaup Arctic Adventures hf. á ST Holding ehf. og Special Tours ehf.

- Þann 10. júní 2024 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Arctic Adventures hf. („Arctic Adventures“) á ST Holding ehf. („ST Holding“).
- Áður en samrunatilkynning barst áttu samrunaaðilar og Samkeppniseftirlitið í forviðræðum, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Hófst forviðræðurnar í apríl 2024 og áttu aðilar í tölvupóstsamskiptum um m.a. drög að samrunatilkynningu sem lauk svo með fullnægjandi tilkynningu samrunaaðila þann 10. júní 2024 eins og að framan greinir.
- Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fyrrnefndar reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. fyrrgreindra reglna byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 11. júní 2024.
- Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Þá veitti Samkeppniseftirlitið hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögnum vegna samrunans og áhrifa hans á samkeppni. Sendi Samkeppniseftirlitið þannig upplýsingabeiðni með tilteknum spurningum til markaðsaðila, auk þess sem birt var tilkynning á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins þann 13. júní 2024, hvar samrunaskrá var birt og óskað var eftir umsögnum hagsmunaaðila.
- Þann 3. júlí 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum þá ákvörðun sína að ekki væri tilefni til íhlutunar eða frekari rannsóknar. Lauk því málinu á fyrsta fasa en birting úrlausnar tafðist vegna anna í öðrum stjórnáslumálum.

I. Samruninn

- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samkvæmt framangreindu fela kaup Arctic Adventures á öllu hlutafé ST Holding í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
- Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Arctic Adventures felist í skipulagningu ferða og afþreyingar á Íslandi fyrir ferðamenn og að starfsemin fari fram um allt land. Skrifstofur og starfsstöð félagsins sé í Reykjavík en félagið bjóði þó ekki upp á skipulagðar ferðir innan höfuðborgarsvæðisins. Eiginlegur rekstur félagsins fari fram í dótturfélögum þess, sem bjóði upp á úrval skipulagðra ferða og afþreyingar sem miðuð sé að ferðamönnum á Íslandi.



8. Til dótturfélaga Arctic Adventures sem sinna þjónustu sem snýr að ferðabjónustu á Íslandi teljist m.a. Into the Glacier ehf., Arctic Circle Hotels ehf., Adventure Hotels ehf., Straumhvarf ehf., Kerfélagið ehf., Raufarhóll ehf., Óbyggðasetur ehf., Snowmobile ehf., South East ehf. og JJ34 ehf.
9. ST Holding er eignarhaldsfélag sem stofnað var árið 2016 í kringum kaup á ferðabjónustufyrirtækinu Special Tours ehf. („Special Tours“). Félagið á eignarhlut í fimm félögum sem öll sinna ferðabjónustu með beinum hætti eða ferðabjónustutengdri starfsemi. Starfsemi félagsins felst í hvalaskoðun, RIB bátaferðum, fuglaskoðun á bát og tengdri starfsemi, en auk þess starfa dótturfélög ST Holding m.a. við rekstur hvalasafns og veitingarekstur. Félög í eigu ST Holding, til viðbótar við Special Tours, eru Whales of Iceland ehf., Reykjavík Röst Bistro ehf., Reykjavík Sailors ehf. og Lundey – Náttúruferðir ehf.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

10. Í samrunaskrá er fjallað um virðisikeðju ferðabjónustu eins og hún hefur verið skilgreind innan Evrópu. Hefur verið litið svo á að virðisikeðjan sé einkum á þremur stigum:
 - Ferðabjónustubirgjar (e. travel suppliers): sem eiga og/eða reka sjálfir undirliggjandi þjónustustarfsemi, s.s. flugfélög, rútufyrirtæki, bílaleigur, rekstraraðilar hótél- eða gisti, eða afþreyingarþjónustu o.s.frv.;
 - Ferðaskipuleggjendur (e. tour operators); sem búa til vörur á sviði ferðabjónustu með því að kaupa einstaka þjónustubætti frá ferðabjónustubirgjum og binda þá saman í ferðapakka; og
 - Ferðaskrifstofur (e. travel agencies), sem dreifa ferðabjónustu eða þjónustupökkum til viðskiptavina (hvort heldur sem er fyrirtækja eða ferðamanna).
11. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt að mikil skörun og samkeppnislegt aðhald sé á milli aðila sem að öllu jöfnu teldust til mismunandi þrepa umræddrar virðisikeðju. Samrunaaðilar selji og framkvæmi eigin ferðir í heildsölu og smásölu og geri engan greinarmun á milli slíkrar sölu að eigin sögn. Að sama skapi sé hægt að kaupa mismunandi vörur ferðabjónustu á vefsíðum samrunaaðila, sem fella mætti undir ólík þrep virðisikeðjunnar, og enginn greinarmunur sé gerður á slíku í rekstri félaganna.
12. Í samræmi við framangreint kemur fram í samrunaskrá um markaði málsins að samrunaaðilar starfi báðir við sölu og framkvæmd skipulagðra ferða og afþreyingar, beint að ferðamönnum, í heildsölu og smásölu. Þeir framkvæmi eigin ferðir að stærstum hluta sjálfir og selji ýmist milliliðalaust eða fyrir tilstilli milligönguaðila. Ferðamenn sem komi til landsins skipuleggi ferðir sínar að stærstum hluta í gegnum netið og megi þar af leiðandi ætla að rök hnígi til þess allir aðilar á sölusíðum tilheyri sama markaði, sem sé markaðurinn fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum, hvort sem um smásölu eða heildsölu sé að ræða. Á slík skilgreining sér jafnframt stoð í fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, sbr. m.a. ákvörðun nr. 12/2019, *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðabjónustu*.
13. Ekki séu rök til að skipta markaðnum frekar eftir því hvort um heildsölu eða smásölu sé að ræða eða eftir því hvers eðlis afþreying í seldum ferðum er að mati samrunaaðila. Tilviljun ráði því oftast hvaða ferðir ferðamenn sem hingað koma velji og því sé full staðganga á milli t.d. hestaferða, flúðasiglingaferða, snjósleðaferða, hellaskoðunarferða o.fl. að mati samrunaaðila.



14. Telja samrunaaðilar jafnframt, í samræmi við það sem gert er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007, *Samruni Reynismels og Kynniferða*, að uppbygging og eðli þeirrar þjónustu sem felst í sölu skipulagðra ferða, hvort sem um er að ræða dagsferðir eða lengri ferðir, geti einnig leitt til þess að markaðurinn sé metinn út frá framboðshlið hans. Framboðsstaðganga geti komið til skoðunar þar sem ferðaskipuleggjendur/ferðaskrifstofur geti oftast en ekki auðveldlega breytt söluframboði sínu og aðlagð það að stefnum og straumum. Aðgangshindranir séu litlar og oft þurfi lágmarksfjármagn til að byrja að bjóða þjónustuna.
15. Þá snúi starfsemi samrunaaðila eingöngu að ferðum á Íslandi og ekki sé ástæða til að skipta mörkuðum eftir einstökum ferðum hvað varði tiltekin landsvæði. Samrunaaðilar sinni sölu skipulagðra ferða á fjölmörgum stöðum víðsvegar um landið og því sé nærtækt að líta á að hinn landfræðilegi markaður málsins sé að minnsta kosti Ísland allt, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2020, *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Raufarhól ehf.* Auk þess bjóði ST Holding og dótturfélög þess einkum upp á skoðunarferðir á bátum á höfuðborgarsvæðinu á meðan Arctic Adventures, í gegnum dótturfélög sín, bjóði upp á ýmsar ferðir utan höfuðborgarsvæðisins.
16. Að mati samrunaaðila er jafnframt mögulegt að skilgreina markað fyrir rekstur sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir. Mjög stór hluti afþreyingarferða fyrir ferðamenn á Íslandi séu seldar í gegnum ferðaskrifstofur og stór netsölufyrirtæki (e. online travel agency), s.s. Viator, TripAdvisor, Expedia, Booking.com, Get your Guide og Guide to Iceland. Arctic Adventures reki slíkt sölutorg fyrir eigin ferðir en Special Tours, dótturfélag ST Holding, geri það að verulega takmörkuðu leyti. Muni samruninn því ekki koma til með að styrkja stöðu félagsins á þeim markaði. Að sama skapi veiti fyrrnefndir aðilar mikið samkeppnislegt aðhald á þeim markaði.
17. Á þeim markaði sem áhrifa samrunans gætir, fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum, sé unnt að nálgast opinberlega talnaefni hjá t.a.m. Ferðamálastofu eða Hagstofu Íslands um veltu ferðamanna og tekjur í ferðaþjónustu. Séu þær upplýsingar settar í samhengi við veltu samrunaaðila njóti samrunaaðilar mjög takmarkaðrar markaðshlutdeildar samkvæmt eigin áætlunum. Vegna þessa séu samkeppnisleg áhrif samrunans takmörkuð að mati samrunaaðila; félögin séu ekki með slíka markaðshlutdeild á fyrrgreindum markaði að samruninn komi til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu auk þess sem samruninn komi ekki til með að raska samkeppni með öðrum hætti að þeirra mati.

II. Niðurstaða

18. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri athugunum fjallað um samkeppni á ferðaþjónustumörkuðum.¹ Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019, *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðaþjónustu*, taldi Samkeppniseftirlitið að færa mætti fyrir því rök að mögulegt væri að skipta mörkuðum þess máls niður í undirmarkaði sem ráðist af því hvers konar ferðir sé um að ræða, þ.e. að flúðasiglingar og hellaskoðunarferðir, sem dæmi, væru ekki endilega hluti sama markaðar. Taldi Samkeppniseftirlitið í því máli hins vegar ekki ástæður til að skipta markaði málsins niður við úrlausn samrunans.

¹ Sjá til dæmis ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 47/2023, *Kaup Viking Car Rental ehf. á hluta reksturs Amazingtours ehf.*, ákvörðun nr. 23/2023, *Kaup Travel Connect hf. á Iceland Unlimited ehf.*, ákvörðun nr. 39/2021, *Kaup Nordic Visitor hf. á Iceland Travel ehf.*, ákvörðun nr. 12/2019, *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðaþjónustu*, ákvörðun nr. 3/2018, *Samruni Arctic Adventures hf. og Geirlands hf.* og ákvörðun nr. 19/2017, *Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.*



19. Að mati Samkeppniseftirlitsins eiga sömu sjónarmið við um fyrirliggjandi samruna. Ákveðin rök hníga til þess að markaðnum sé skipt frekar niður í undirmarkaði sem ráðast af því hvers konar ferðir sé um að ræða, svo sem tegund afþreyingar. Í ljósi upplýsinga frá samrunaaðilum og markaðsaðilum um stöðu samrunaaðila og samkeppnisskilyrði á viðkomandi markaði, auk opinberra tölulegra upplýsinga um stærð og gerð markaðarins, eru ekki ástæður til að setja fram nánari markaðsskilgreiningar en að áhrifa samrunans gæti á sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi.
20. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, umsögnum markaðsaðila og rannsókn Samkeppniseftirlitsins liggja ekki fyrir vísbendingar um að samruni Arctic Adventures og ST Holding leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Vegna þessa telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í málinu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans. Lauk því meðferð málsins á fyrsta fasa samrunarannsóknar eins og samrunaaðilum var tilkynnt 3. júlí sl.

III. Ákvörðunarorð:

„Kaup Arctic Adventures hf. á ST Holding ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson